

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, starfandi bæjarstjóri
Dags. 21. febrúar 2020
Mnr. 2020020031



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-listans

Á 1094. fundi bæjarráðs sem haldinn var 17. febrúar sl. óskaði bæjarfulltrúi Í-listans, Arna Lára Jónsdóttir, eftir formlegum svörum frá bæjarstjóra um hversu háan kostnað bæjarstjóraskiptin munu hafa í för með sér á bæjarsjóð og upplýsingar um húsnæðismál bæjarstjóra og á hvaða kjörum hann mun fá að leigja efstu hæðina á Sindragötu 4a og hvers vegna hætt hafi verið við að selja þá íbúð.

Starfandi bæjarstjóri getur upplýst um að uppgjör við fráfarandi bæjarstjóra, Guðmund Gunnarsson, er kr. 12.465.498,-, en um 6 mánaða laun er að ræða. Nýráðinn bæjarstjóri mun starfa 5 mánuði af þeim 6 sem uppsagnarfrestur fyrri bæjarstjóra tekur til.

Heildarlaun nýráðins bæjarstjóra með bifreiðastyrk og orlofi eru kr. 1.798.977,- á mánuði, fyrir utan orlof eru heildarlaunin kr. 1.605.500,-.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um leigu íbúðar og leigufjárhæðar á efstu hæð Sindragötu 4 til nýráðins bæjarstjóra. Ekki hefur borist kauptilboð í eignina, en hún hefur verið tekið tímabundið úr sölu.